

þykir ástæða til þess að leggja við dagsektir til handa stefnanda.

Eins og máli þessu er háttað, eru ekki efni til þess að dæma refsingu á hendur stefnda og ber að sýkna hann af þeirri kröfu stefnanda.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 800.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefnda, Verkamannafélaginu Dagsbrún, er skylt að veita stefnanda, Haraldi Jakobssyni, inntöku í félagið með fullum félagsréttindum gegn greiðslu tilskilins inntökugjalds.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, greiði stefnanda kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 25. febrúar 1956.

Nr. 3/1956. **Jóhann Sigurðsson** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Félagsréttindi: Verkamannafélagi talið skylt að veita verkamanni inngöngu í félagið.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 8. þ. m. af Jóhanni Sigurðssyni verkamanni, Vesturgötu 69, Reykjavík gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að Verkamannafélagið Dagsbrún verði dæmt til þess að veita honum inntöku í téð félag með öllum réttindum fullgildra félagsmanna, að viðlögðum dagsektum til stefnanda, eigi minni en kr. 1000.00 fyrir hvern dag, sem liður frá þeim degi, er dómurinn tiltekur, unz félagið fullnægir umræddri skyldu sinni.
2. Að Verkamannafélagið Dagsbrún verði dæmt til að sæta refsingu fyrir að hafa ólöglega synjað stefnanda um innngöngu í nefnt félag.
3. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Í stefnu gerði stefnandi og kröfu til þess, að stefndi yrði dæmdur bótaskyldur fyrir það tjón, sem stefnandi hefði beðið af ólögmati synjun stefnda um félagsréttindi í Verkamannafélaginu Dagsbrún, en við munnlegan flutning málsins lagði hann þá kröfu til hliðar, en áskildi sér rétt til þess að fylgja henni fram síðar.

Stefndi hefur krafizt sýknu að svo stöddu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi máls þessa, sem fæddur er árið 1913, hefur átt heimilisfesti í Reykjavík frá því á árinu 1938. Hefur hann að eigin sögn stundað verkamannavinnu síðan árið 1952, er hann réðist til Glersteypunnar h.f., en þar kveðst hann hafa starfað frá þeim tíma. Hinn 2. þ. m. kom starfsmaður Dagsbrúnar, Guðmundur J. Guðmundsson, þangað sem stefnandi var við störf sín í verksmiðju Glersteypunnar h.f. og tjáði honum ásamt öðrum verkamönnum, er þar unnu og ekki voru fullgildir félagsmenn í Dagsbrún, að þeir yrðu að leggja niður störf sín að lokinni þeirri vinnuvöku, er þá stóð yfir, þar sem þeir væru ekki í Dagsbrún. Ekki er vitað, hvenær stefnandi varð við þessum tilmælum, og hætti þar vinnu, en það mun hafa verið skömmu síðar. Stefnandi kveðst hafa óskað eftir því við nefndan Guðmund, að gerast félagsmaður í Dagsbrún, en Guðmundur þá látið í það skína, að óvist væri, hvort stefnandi fengi full félagsréttindi fyrst um sinn. Stefnandi segir hins vegar, að Guð-

mundur hafi tjáð stefnanda, að hann yrði að snúa sér til skrifstofu Dagsbrúnar um það. Hinn 3. þ. m. fór stefnandi á skrifstofu Dagsbrúnar ásamt fleiri félögum sínum. Undirritaði hann þá og afhenti beiðni um inntöku í félagið. Hinn 7. þ. m. lét hann starfsfélaga sinn endurnýja munnlega inntökubeiðni sína og bjóða fram inntökugjald gegn því að fá félagsskírteini, svo sem gert er ráð fyrir í samþykktum Dagsbrúnar. Formaður Dagsbrúnar varð fyrir svörum. Kannaðist hann við það, að inntökubeiðni stefnanda hefði borizt félaginu, en kvaðst hvorki mundi taka við inntökugjaldi né láta honum í té félagsskírteini fyrr en trúnaðarráðsfundur hefði fjallað um umsóknina, en samkvæmt samþykktum félagsins skal leggja allar umsóknir um inngöngu í félagið fyrir trúnaðarráð félagsins. Kvaðst formaðurinn ekki vita, hvenær næsti fundur þess mundi verða haldinn, en bjóst við að það yrði bráðlega. Næsta dag, 8. þ. m., höfðaði stefnandi mál þetta og gerði þær kröfur, sem áður greinir, og var mál þetta þingfest 9. s. m. Þann dag hélt trúnaðarráð Dagsbrúnar fund. Kom umsókn stefnanda um inntöku í Dagsbrún til álita ásamt hartnær 60 öðrum samskonar umsóknum. Samkvæmt skýrslu stefnda voru rúmlega 40 þeirra samþykktar, en ákvörðun um hinar frestað. Var umsókn stefnanda meðal þeirra síðarnefndu. Eftir að mál þetta var höfðað, eða 15. þ. m., krafðist Glersteypan h.f. þess, að Dagsbrún veitti stefnanda inngöngu í félagið og skírskotaði í því efni til 1. gr. kjarasamnings þess, sem nú gildir milli Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands, en Glersteypan h.f. er einnig aðili að honum. Er svo um samið í tilvitnuðu ákvæði, að vilji vinnuveitandi taka til sín í vinnu mann, sem ekki er félagi í Dagsbrún, þá skuli Dagsbrún skyld til þess að veita þeim manni inngöngu, ef hann sækir um það og það kemur ekki í bága við samþykktir Dagsbrúnar. Þessu bréfi svaraði fyrirsvarsmaður Dagsbrúnar næsta dag, 16. þ. m. Kveður hann inntökubeiðni stefnanda til athugunar og væntanlega gengið frá henni á næsta trúnaðarráðsfundi.

Málssókn stefnanda er á því byggð, að honum hafi af Dagsbrúnar hálfu verið neitað um það, að mega halda áfram

vinnu sinni hjá Glersteypunni h.f., en Dagsbrún hafi verið skylt að láta honum þegar í stað í té félagsskírteini, er veitti honum full vinnuréttindi til jafns við fullgilda félagsmenn, enda þótt trúnaðarráðsfundur hefði ekki staðfest inntöku hans. Þá var því og haldið fram af stefnanda, við munnlegan flutning málsins, að stefnda hefði a.m.k. verið skylt að taka fyrir og samþykkja inntökubeiðni hans á trúnaðarráðsfundinum 9. þ. m., ekki sízt fyrir þá sök, að hann fékk ekki strax félagsskírteini, svo sem hann hefði átt rétt til samkvæmt 4. gr. samþykktu félagsins. Staðhæfir stefnandi, að fyrirsvarsmenn Dagsbrúnar hafi með framangreindri framkomu sinni og viðbrögðum gagnvart inntökubeiðni hans, gefið sér fullkomið tilefni til þess að krefjast félagsréttinda í Dagsbrún með málssókn þessari. Telur hann, að félagið hafi með drætti þeim, sem orðið hafi á því, að inntökubeiðni hans yrði staðfest, felld á sig refsingu fyrir brot á 2. gr. laga nr. 80/1938, þar sem drættinum verði fullkomlega jafnað til þess, að sér hefði verið synjað um félagsréttindi.

Er munnlegur flutningur máls þessa fór fram 16. þ. m., var því ekki haldið fram af stefnda, að þá væru lengur fyrir hendi nokkrar efnisástæður því til hindrunar, að stefnandi ætti rétt til inngöngu í Verkamannafélagið Dagsbrún. Hins vegar kvað hann stefnanda, sem verið hefði félagsmaður og stjórnarnefndarmaður í Trausta, félagi sendiferðabilstjóra, ekki hafa fyrr en 15. þ. m. fært fram skilríki fyrir því, að hann væri skuldlaus við það félag og genginn úr því. Hélt stefndi því fram, að þá fyrst hefði Dagsbrún verið heimilt að veita honum félagsréttindi sökum þess, að svo væri boðið í d-lið 3. gr. samþykktu Dagsbrúnar, að réttur til inngöngu í félagið væri því skilyrði bundinn, að umsækjandi væri ekki félagi í, né stæði í óbættum sökum við önnur verklyðsfélög innan Alþýðusambands Íslands eða félög, sem ættu rétt til inngöngu í það. Væri málssókn stefnanda af þessum sökum með öllu ástæðulaus, enda hefði inntökubeiðni hans að öllu leyti sætt venjulegri meðferð og enginn óeðlilegur dráttur orðið á afgreiðslu hennar. Hún hafi verið tekin til umræðu á trúnaðarráðsfundinum 9. þ. m., en hins vegar hafi þá ekki unnizt tími til þess að afgreiða hana

frekar en ýmsar aðrar inntökubeiðnir, sem frestað hafi verið að taka ákvörðun um, enda hafi stefnandi þá ekki fullnægt inntökuskilyrðum. Hefur stefndi samkvæmt þessu krafizt sýknu að svo stöddu, þar sem málshöfðun þessi hafi verið ótímabær meðan stefnandi hefði ekki enn uppfyllt inntökuskilyrði samkvæmt nefndu ákvæði 3. gr. samþykktanna og inntökubeiðni hans ekki heldur af nefndum ástæðum getað fengið afgreiðslu í trúnaðarráði félagsins. Mótmælir stefndi því alveg, að nokkur lög hafi af hálfu stefnda verið brotin á stefnanda.

Stefnandi hefur mótmælt því, að félagsréttindi sín í Trausta, félagi sendibifreiðastjóra, hafi á nokkurn hátt verið því til fyrirstöðu, að hann gæti án tafar orðið félagsmaður í Dagsbrún, þar sem slíkt skilyrði mundi brjóta í bága við 2. gr. laga nr. 80/1938, enda hafi félagið Trausti ekki verið í Alþýðusambandi Íslands. Heldur hann því fram, að réttur sinn til inngöngu hafi frá upphafi verið tvímælalaus og sé hér aðeins um undanbrögð af hálfu Dagsbrúnar að ræða.

Svo sem að framan greinir, er því eigi haldið fram af stefnda, að stefnandi hafi ekki nú efnislegan rétt til inngöngu í Verkamannafélagið Dagsbrún. Er og ekkert í gögn-um málsins, sem bendi til þess gagnstæða. Eins og á stendur þarf ekki að taka afstöðu til þeirrar staðhæfingar stefnanda, að það skipti ekki að lögum máli um rétt hans til inngöngu í Dagsbrún, hvort hann var félagsmaður í öðru verklýðsfélagi innan Alþýðusambands Íslands eða félagi, sem rétt átti til inngöngu. Það verður ekki talin óeðlileg framkvæmd, er maður óskar inngöngu í verklýðsfélag, að fyrir liggi glögg gögn um félagslega afstöðu innsækjanda til annarra verklýðsfélaga. Slík gögn voru, að því er stefnanda snerti, ekki fyrir hendi fyrr en 15. þ. m. Var því afsakanlegt þótt það drægist til þess tíma, að stefnandi, sem var stjórnarnefndarmaður í öðru verklýðsfélagi, fengi félagsréttindi samkvæmt 4. gr. samþykktu Dagsbrúnar, en þar segir, að sá er verða vilji félagsmaður, skuli afhenda skriflega inntökubeiðni, greiða inntökugjald, og sé hann þá full-

gildur félagsmaður, að því tilskildu, að næsti trúnaðarráðs-fundur samþykki inntökubeiðni hans.

Þar sem efnislegur réttur stefnanda til inngöngu í Verkamannafélagið Dagsbrún er nú ekki vefengdur af hálfu stefnda, ber að taka til greina þá kröfu stefnanda, að téðu félagi sé skylt að veita honum inngöngu í félagið með fullum félagsréttindum, gegn greiðslu á tilskildu inntökugjaldi, en ekki þykir ástæða til þess að leggja við dagsektir til handa stefnda.

Eins og máli þessu er háttað, eru ekki efni til þess að dæma refsingu á hendur stefnda, og ber að sýkna hann af þeirri kröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefnda, Verkamannafélaginu Dagsbrún, er skylt að veita stefnanda, Jóhanni Sigurðssyni, inntöku í félagið með fullum félagsréttindum, gegn greiðslu tilskilins inntökugjalds.

Málskostnaður falli niður.
